

AKSTURSÍÞRÓTTAÐEILD VESTRA

Reglugerð



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Hlutverk deildar	2
Skipulag deildar	2
Aðalfundir, funartími, atkvæðisréttur og boðun	2
Dagskrá aðalfundar	2
Atkvæðagreiðslur á aðalfundi deildar	3
Vanræksla á að halda aðalfund deildar	3
Stjórn deildar	3
Fjárhagslegar skuldbindingar	3
Bráðabirgðarákvæði sem gildir á fyrsta fundi akstursíþróttadeildar Vestra	4



1. grein

Hlutverk deildar

Í akstursípróttadeild Vestra er unnið að eflingu og útbreiðslu akstursípróttta. Undir deildina heyrir öll starfsemi varðandi akstursípróttir hjá Vestra.

2. grein

Skipulag deildar

Aðalstjórn Vestra ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, bæði fjárhag og starfsemi, en deildin er rekin með aðskilinn fjárhag og kennitölu. Undir akstursípróttadeild Vestra má reka flokka aðskilda hvor öðrum séu þeir undir mismunandi sérsamböndum innan ÍSÍ. Deildin skal rekin með einni kennitölu. Stjórn er heimilt að skipa í ráð eða flokksstjórnir sé þess þörf. Stjórn akstursípróttadeildar Vestra er kosin á aðalfundi deildarinnar, formaður til eins árs í senn og tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Á aðalfundi skulu einnig kosnir þrír varamenn til eins árs.

3. grein

Aðalfundur, funartími, atkvæðisréttur og boðun

Aðalfundur akstursípróttadeildar Vestra skal haldinn fyrir 1. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórnarkjör skal kosning endurtekin. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Aðalfundur deildar er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

4. grein

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formenn deildar og flokka gera grein fyrir starfsemi deildarinnar.
4. Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.
Fjárhagsáætlun deildarinnar lögð fram til samþykktar.
5. Reglugerðabreytingar



6. Kosningar:

- a) Kosning formanns.
- b) Kosning tveggja aðalmanna til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs, samtals fimm manna stjórn með þremur varamönnum.

7. Önnur mál.

8. Fundargerð upplesin og fundarslit.

5. grein

Atkvæðagreiðslur á aðalfundi deildar

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti úrslitum mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Breytingar á reglugerð deildarinnar skulu þó samþykktast með 2/3 greiddra atkvæða.

6. grein

Vanræksla á að halda aðalfund deildar

Vanræki deildin að halda aðalfund á lögboðnum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og aðstoða við framkvæmd hans.

7. grein

Stjórn deildar

Stjórn deildarinnar skal skipuð fimm mönnum. Stjórn skiptir með sér verkum, fyrir utan formann sem skal kosinn sérstaklega á aðalfundi. Avallt skulu vera ritari og gjaldkeri í stjórn deildarinnar.

8. grein

Fjárhagslegar skuldbindingar

Stjórn deildarinnar skal gera starfs- og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórn deildarinnar að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiriháttar skuldbindingum er átt við þær sem eru umfram samþykktan ófyrirséðan kostnað deildarinnar í rekstraráætlun. Þeir félagsmenn (fulltrúar deildar) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. 15. grein í lögum félagsins.



9. grein

Bráðabirgðarákvæði sem gildir á fyrsta fundi akstursípróttadeildar Vestra

Á fyrsta aðalfundi körfuknattleiksdeildar Vestra gildir eftirfarandi bráðabirgðarákvæði við 4. grein reglugerðarinnar um dagskrá aðalfundar deildar: Einnig skal kjósa tvo aðalmenn í stjórn til eins árs. Með samþykkt þessarar reglugerðar falla lög Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar úr gildi og lög Vestra taka við.

Samþykkt á fyrsta aðalfundi akstursípróttadeildar Vestra þann _____

